

Mál nr. 364/2010

M

og

Vátryggingafélagið X v/kaskótryggingar

Skemmdir á bifreið við akstur yfir Hellisá þegar ís gaf sig 06.11. 2009.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 17.11. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 06.12. 2010.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Félagið telur að tjónsatvik þar sem ís brotnar undan þunga bifreiðar þegar ekið er yfir óbrúaða á falli ekki undir 1. gr. skilmála kaskótryggingar sem fjallar um bótasvið vátryggingarinnar. Félagið getur þess að í takmörkun á ábyrgð þar sem fjallað er um akstur ákveðinna tegunda bifreiða utan alfaraleiða sé áréttað að verði tjón á þeim svæðum sem falli að 1. gr. þá bætir félagið tjónið þó “er undanskilið tjón vegna vatns”.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

M var á Pajero jappabifreið sinni á leið yfir óbrúaða á þegar ís gaf sig undan þunga bifreiðarinnar. M getur þess í málskotinu að bifreiðin hafi farið á um 90 cm dýpi. Ísinn hafi verið um 10 cm þykkur og komst bifreiðin með hjálp tveggja jeppa uppá þurrt land aftur en “mikið laskaður allann hringinn og vélarvana” sbr. gögn málsins.

Samkvæmt skilmálum (grein 8.3) tekur vátryggingin til aksturs sérútbúinna jeppa og/eða torfærubifreiða sem aka annars staðar en á vegum landsins, svo sem um tún eða engi, á snjósköflum á ís o.s.frv. sbr. ákvæði skilmála enda sé um bótaskyld tjón að ræða skv. 1. gr. sömu skilmála. Fram kemur og að “undanskilin eru tjón sem verða við að vatn flæðir inn í vélarhús, farþega- eða farangursrými hins vátryggða ökutækis.”

Í 1. gr. skilmála er þess getið að vátryggingin bætir tjón á hinu vátryggða ökutæki af völdum áreksturs, áaksturs, útafaksturs, eldsvoða (enda verði eldur laus) og sprengingar sem stafar af honum, eldingar, hrops, veltu, grjóthruns úr fjallshlíð, snjóflóðs úr fjallshlíð, skriðufalls úr fjallshlíð og aur- eða vatnsflóðs úr fjallshlíð.

Sem fyrr segir bætir vátryggingin tjón á hinu vátryggða ökutæki sem stafar af hrazi. Í því tilviki sem hér um ræðir er ekki unnt að líta svo á að bifreiðin hafi hrapað í skilningi þeirra skilmála sem hér um ræðir.

Með hliðsjón af ofanrituðu, fyrirliggjandi gögnum og 1. gr. vátryggingarskilmála er greiðsluskylda ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 30. desember 2010

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.